



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 47. fundar skólanefndar

Dagsetning: Þriðjudagurinn 8. desember 2009.

Viðstaddir: Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Sólrún áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir ritari.

1. Annarlok – undirbúningur vorannar 2010

Alls voru nemendur 280 talsins haust 2009. Gert er ráð fyrir 248 nemendum vorönn 2010. Útskriftarnemendur í desember verða 12.


2. Starfsmannamál

Auglýst var eftir fjórum kennurum; margmiðlun 50% staða (0 umsókn), enska 80-100% staða (1 umsókn), náttúrufræði og jarðfræði 80-100% staða (1 umsókn) og stærðfræði 100% staða (3 umsóknir).

3. Fjármál skólans

Skólameistari birti rauntölur FSN beint úr Oracle. Ef starfsbraut væri inn á fjárlögum þá væri starfsemi þessa árs, 2009 um 2 milljónir umfram framlög. Skólameistari kynnti rekstraráætlun fyrir næsta ár. Reynt var að skera niður á sem flestum rekstrarliðum. Ekki var hægt að skera niður liðin rekstrarvörur því nauðsynlegt er á þessum tímapunkti að endurnýja tölvubúnað við skólann. Ekki er talið raunhæft að ná niður öllum halla á rekstri skólans á næsta ári heldur skal stefnt á að dreifa honum yfir næstu 3 ár. Stefnt er að draga úr yfirvinnu í allri kennslu. Takmarkið er að enginn kennari sé í hærra hlutfalli en 125% kennslu á vorönn 2010 og stefnt er að því að útrýma yfirvinnu á haustönn 2010 eða á árinu 2011. Á vorönn 2010 er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á kennslumagni en einnig verður gerð tilraun til að hækka nýtingaprósentu þreyttra námseininga. Þessi niðurskurður hefur þau áhrif að það muni verða fleiri nemendur í hópum. Sumir áfangar verða ekki alltaf í boði heldur til dæmis annað hvert ár. Einingafjöldi nemenda sem eru að standa sig verður ekki rýrður. Skólameistari fór yfir yfirlit á kennslumagni frá stofnun skólans. Kennslumagn hefur áður verið mjög svipað og vorönn 2010.

Björg Ágústsdóttir nefnir að við blasi erfitt ár rekstrarlega (2010) sem og niðurgreiðsla á halla. Margar spurningar varðandi skólann og starfsemi hans vakna varðandi komandi ár. Hvaða áhrif mun niðurskurður koma niður á nemendum okkar, eldri, yngri og tilvonandi? Það er mjög óþægilegt að samþykkja einhverjar breytingar án þess að vita hvaða áhrif þær muni hafa. Ástandið er mjög viðkvæmt og margir brenndir eftir eininganiðurskurð haust 2009. Kjartan Páll segir að of langt sé gengið að skila áætlun sem endar í plús. Áætlunin þarf að vera raunsæ. Kjartan Páll er virkilega óhress með að rekstraráætlun 2010 hafi verið skilað án þess að vera borin undir skólanefnd.



Sigríður óttast þennan niðurskurð mjög og spyr: „Um 30 nemendur völdu ekki áfanga fyrir næstu önn, hvaða nemendur eru það?“ Pétur Ingi telur að þetta séu sömu nemendur og vanalega, dreifnemendur og eldri nemendur. Ólína talar um að það sé mjög bagalegt að neita lakari nemendum um skólavist því þeir séu ef til vill viðkvæmastir hópurinn.

Bókun: Skólanefnd lýsir yfir óánægju með þá afgreiðslu skólameistara á fjárhagsáætlun ársins 2010 að senda hana til menntamálaráðuneytisins án þess að bera hana undir skólanefndina. Skv. lögum um framhaldsskóla er skólanefnd ætlað að veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar. Jafnframt er skólanefnd ætlað að vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla.

Það má ekki gleyma hvers vegna þessi skóli var settur á laggirnar. Það má ekki gleyma því að þessi skóli er fyrir krakkana á þessu svæði. Búið er að senda erindi á alla þingmenn kjördæmisins sem og ráðherra. Áheyrnarfulltrúi nemenda minnir á að nemendur þurfi að vera upplýstir um námsframboð sitt.

Meira um skólastarf á vorönn 2010.

Boðnir voru fram 71 áfangi að vori og skorið niður í 54 áfanga. Mest var skorið niður af valáföngum og kjörsviðsáföngum. Skólar eru almennt að skera niður kennslumagn til að halda sjó.

4. Endurskoðun stofnanasamnings

Skólameistari benti á tækifæri til endurskoðunar stofnanasamnings til að lækka laun og launatengd gjöld. Skólanefnd nefnir að slík aðgerð myndi hafa áhrif á uppbyggingu og eðli skólastarfsins. Áheyrnarfulltrúi kennara benti á í sambandi við launastrúktúrinn þá væri það sérsamningur við KÍ sem er hér við lýði. Búið er að biðja deildarstjóra starfsbrautar og deildarstjóra framhaldsdeildar að skoða hvar væri skást að skera niður hjá þeim.

5. Sparnaður

Ýmis sparnaður verður reyndur á árinu 2010. Verulega verður dregið úr ferða- og dvalarkostnaði innanlands. Fundir, námskeið og risna hefur verið lækkað. Markvisst er unnið að lækkun aksturs starfsmanna á árinu 2010, t.d. með aukinni notkun fjarfundabúnaðar og færri ferðum nemenda, kennara og stjórnenda. Auka þarf fjármagn í rekstrarvörur því nauðsynleg endurnýjun þarf að eiga sér stað á tölvubúnaði skólans. Aðkeypt þjónusta hefur verið lækkuð, prentun og póstur einnig. Ekki reynist unnt að skera niður gjöld af húsnæði, s.s. leigu, fasteignagjöldum eða rekstrarkostnað vegna húsnæðis. Ýmsar sparnaðaraðgerðir vegna reksturs húsnæðis hafa leitt til sparnaðar á árinu 2009, s.s. lækkun á hitastillinga á hlýrri tímabilum ársins og betri nýtingu lýsingar/rafmagns. Litlar forsendur eru til lækkunar rekstrarkostnaðar enda mikið verið gert í þeim lið undanfarin ár.



6. Önnur mál

- Skýrsla var gerð um framhaldsdeildina í haust. Skólameistari mun setja hana á netið fyrir jól.
- Dansleik nemendafélagsins var aflýst föstudaginn 4. desember. Skólameistari fór yfir ferli málsins varðandi skemmtanaleyfið sem var hafnað á þeirri forsendu að útvega þyrfti aðra dyraverði og að lögregla yrði á ballinu og myndi áfengismæla nemendur. Nemendafélagið fundaði á föstudeginum og ákvað að aflýsa ballinu. Stjórn NFSN var ekki upplýst um að skemmtanaleyfið fengist ekki fyrr en á föstudeginum af skólameistara. Hins vegar voru einhverjir búnir að fréttu af því á facebook. Skólanefnd bað NFSN um að þetta mál yrði leyst hér innanhúss en ekki í fjölmiðlum.
- NFSN gaf út skólablað í síðust viku og skólanefndinni boðið eintak.
- Útskrift föstudaginn 18. desember kl. 15:00.

Fundi slitið kl. 18:00.